

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 4. maí 1990.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

FORSETABRÉF

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Alþingi, 112. löggjafarþing, lýkur störfum í dag, laugardaginn 5. maí 1990.
Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Í fjarveru Steingríms Hermannssonar forsætisráðherra hefur Halldóri Ásgrímssyni sjávarútvegsráðherra verið falið að gegna störfum forsætisráðherra um stundarsakir.

Forsætisráðuneytið, 6. maí 1990.

F. h. r.

Guðmundur Benediktsson.